

Minnisblað

Til: Bæjarráðs
Frá: Margréti Halldórsdóttur, sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs
Dags. 13. október 2017
Mnr. 2017090066



ÍSAFJARÐARBÆR

Svar til bæjarráðs

Á fundi bæjarráðs 9. október 2017 var lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs þar sem farið var yfir úthlutun stöðugilda til Tónlistarskóla Ísafjarðar. Bæjarráð bókaði eftirfarandi:

„Bæjarráð óskar eftir því að sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs kostnaðarmeti beiðnina og leggi fyrir bæjarráð.

Beiðni um aukningu stöðugilda þarf að berast bæjarráði tímanlega áður en kennsla hefst.“

Frá því að bréf skólastjóra Tónlistarskóla Ísafjarðar kom fyrir bæjarráð hefur orðið örlítill breyting á stöðugildum og í dag eru þau 11,63 stöðuhlutföll og heimild ársins 2017 gerir ráð fyrir 11,65. Auk þess eru þrjú kennarar með samtals 20 tíma í kennsluyfirvinnu á mánuði en heimild er fyrir 10 tímum. Sé tekið mið af meðal kostnaði þessara tíma sem eru umfram áætlun er þetta kostnaður, með launatengdum gjöldum, upp á kr. 109.655 á mánuði eða kr. 438.620 á haustmánuðum 2017. Skólastjóri hefur frestað ráðningu eins kennara þar til eftir áramót.

MH